



Norræna
ráðherranefndin

Fjárhagsáætlun 2025

Samantekt

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangsorð framkvæmdastjóra | 3 |
| Fjárhagsrammi Norrænu ráðherranefndarinnar 2025 | 4 |
| Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna | 6 |
| Áætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar um framtíðarsýn og markmið 2025 | 8 |
| Samningur Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs um pólitísk forgangsmál og ráðstöfun fjármuna Norrænu ráðherranefndarinnar 2025 | 11 |
| Yfirlit yfir liði fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar | 13 |
| Fylgiskjal | 20 |
| Um ritið | 22 |

Inngangsorð framkvæmdastjóra

Með fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2025 er stigið stórt skref fram á við til að ná langtímamarkmiðunum um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Fjárhagsáætlunin er nátengd pólitískum stefnumiðum og mikilvægt stjórnþæki til að festa í sessi rétta og samræmda meðferð fjárveitinga frá Norrænu ráðherranefndinni.

Fjárhagsáætlunin byggist á markmiðum sem leiddi af umfangsmiklu pólitísku samráði og ráðherranefndirnar skilgreindu nánar í samstarfsáætlunum sínum fyrir tímabilið 2025–2030. Um er að ræða metnaðarfull markmið sem taka yfir öll málefnasvið Norrænu ráðherranefndarinnar og endurspegla víddina í samstarfinu, allt frá umhverfis- og loftslagsmálum til menningar, menntunar og rannsókna. Markmiðunum eru gerð skil í inngangsorðum hvers kafla um einstaka fagráðherranefndir í fjárhagsáætluninni.

Meðal stórra verkefna sem vert er að nefna eru aukin framlög til afnáms stjórnsýsluhindrana, styrkur til borgarasamfélagsins og þátttaka barna og ungmenna í norrænu samstarfi. Sem fyrr er lögð áhersla á þverlægt samstarf sviðanna um stafræna þróun og gervigreind, menntun og rannsóknir og menningu almennt. Þetta þverlæga samstarf þarf að efla til að nýta öll tækifæri og leysa úr vandamálum sem steðja að samfélögum okkar.

Til að tryggja gagn og gildi norræns samstarfs með þarfir framtíðarinnar í huga hefur sérstaklega verið hugað að því að verkefni, gömul og ný, sem hleypa á af stokkunum árið 2025, hvíli á traustum undirstöðum. Fjárhagsáætlunin er því afrakstur víðtæks samráðs milli mikilvægustu haghafanna, það er að segja samnorrænna stofnana, Norðurlandaráðs, borgarasamfélagsins, aðila vinnumarkaðarins og alls almennings.

Glöggir lesendur reka augun í að tillagan að fjárhagsáætlun er frábrugðin áætlunum fyrri ára. Breytingar hafa verið gerðar til að auka gagnsæi og skilvirkni í fjármálastjórn Norrænu ráðherranefndarinnar. Frá og með árinu 2025 verða því tekin í notkun ný tæki og tól til markmiða- og árangursstjórnunar sem leiða betur en áður í ljós hver ávinningurinn er af starfseminni með hliðsjón af settum markmiðum. Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar verður því framvegis aðgengilegra og hnitmiðaðra rit auk þess sem kynning á markmiðum og árangri verður betur samræmd og skýrari.



Karen Ellemann,
framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

Fjárhagsrammi Norrænu ráðherra- nefndarinnar 2025

Fjárhagsrammi Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2025 nemur samtals **1.070.387 þúsundum danskra króna** og er hann óbreyttur að raungildi miðað við fjárhagsáætlun ársins 2024.

Rammann er hægt að sundurliða á eftirfarandi hátt:

| Heildarramminn | þús.DKK |
|---|------------------|
| Samþykkt fjárhagsáætlun 2025 á verðlagi ársins 2024 | 1.055.400 |
| Verðlagsbreytingar miðað við árið 2024 | 21.817 |
| Áhrif gengisbreytinga milli ára | -6.830 |
| Samtals á verðlagi ársins 2025 | 1.070.387 |

Vegna umreiknings í fjárhagsáætlun ársins 2025 koma til verðbætur að fjárhæð 21.817 þús.DKK sem samsvara um 2,0% hækkun fjárhagsáætlunarinnar. Umreikningur fjárveitinga til stofnana úr gjaldmiðli þeirra í danskar krónur felur í sér lækkun á fjárhagsáætlun að fjárhæð -6.830 þús.DKK. Þó ber að undirstrika að þetta hefur engin raunveruleg áhrif á umfang fjárhagsáætlunarinnar (og framlög landanna) eða upphæð fjárveitinga til stofnana. Gengi gjaldmiðla er eingöngu notað til að umreikna fjárveitingar til stofnana, sem greiddar eru út í gjaldmiðli búsetulandsins, yfir í danskar krónur.

Norræna ráðherranefndin er formlegur samstarfsvettvangur norrænu ríkisstjórnanna. Starfsemi Norðurlandaráðs byggist á Helsingforssamningnum frá 1971. Formennska í ráðherranefndinni færist árlega milli landanna. Svíþjóð tekur við formennsku af Íslandi á árinu 2025. Norrænu samstarfsráðherrarnir (ráðherranefndin MR-SAM) hafa með höndum skipulag samstarfsins. Auk þess fer samstarfið fram í ellefu fagraráðherranefndum. Skiptingu fjárveitinga milli ráðherranefndanna má sjá á töflunni á næstu blaðsíðu.

Í framhaldi af nútímavæðingarferlinu Ný Norðurlönd 1.0 var almennu ákvæði bætt inn í fjárhagsáætlunina 2017 sem gefur kost á pólitískum tilfærslum á fé við sérstakar aðstæður. Hugsunin að baki ákvæðinu er sú að komi sérstakar aðstæður upp sem kalla á breytingar á fjárhagsáætlun eigi að vera pólitískt hægt að bregðast við breyttum þörfum. Ákvæðið veitir samstarfsráðherrunum umboð í sérstökum tilvikum og innan þeirra eigin ramma til að færa fé milli fjárhagsliða. Ákvæðið gerir einnig samstarfsráðherrunum kleift í sérstökum tilvikum og að fenginni tillögu frá viðkomandi ráðherranefnd til að samþykkja tilfærslu á fé innan fjárhagsramma annarra fagsviða. Ákvæðinu skal beitt í samráði við Norðurlandaráð.

| Verðlag 2025 (þús.DKK) | | Fjárhags- áætlun | Fjárhags- áætlun | Mismunur | |
|-------------------------------------|---|---------------------|---------------------|---------------|---------------|
| | | 2025 | 2024 | Nafnv. | Leiðr. |
| 1. | MR-SAM, samstarfsráðherrarnir | 289.651 | 285.852 | 3.799 | -1.500 |
| a. | Áætlun og verkefni | 168.826 | 171.859 | -3.033 | -6.189 |
| b. | Skrifstofuhald | 120.825 | 113.993 | 6.832 | 4.689 |
| 2. | MR-U, menntamál og rannsóknir | 201.364 | 200.388 | 976 | 0 |
| a. | Verkefni og áætlanir | 101.538 | 98.911 | 2.627 | 727 |
| b. | NordForsk (stofnun) | 99.826 | 101.477 | -1.651 | -727 |
| 3. | MR-S, félags- og heilbrigðismál | 42.582 | 42.157 | 425 | 0 |
| | i. Þar af Norræna velferðarmiðstöðin (stofnun) | 18.515 | 18.540 | -25 | 0 |
| 4. | MR-K, menningarmál | 161.124 | 155.590 | 5.534 | 1.500 |
| a. | Almenn framlög til menningarmála | 42.044 | 44.850 | -2.806 | -3.593 |
| b. | Kvikmyndir og fjölmiðlar | 33.718 | 33.087 | 631 | 0 |
| c. | Styrkjaáætlanir | 33.638 | 31.509 | 2.129 | 1.500 |
| d. | Menningarstofnanir | 46.940 | 42.449 | 4.491 | 2.593 |
| e. | Önnur framlög til menningarmála | 4.784 | 3.695 | 1.089 | 1.000 |
| 5. | MR-FJLS, fiskveiðar og lagareldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt | 52.627 | 52.120 | 507 | 0 |
| a. | Ráðstöfunarfé (framkvæmdanefnd) | 2.324 | 5.842 | -3.518 | -3.561 |
| b. | Fiskveiðar | 8.077 | 6.906 | 1.171 | 1.020 |
| c. | Landbúnaður | 26.330 | 25.813 | 517 | 501 |
| | i. Þar af NordGen (stofnun) | 23.778 | 23.810 | -32 | 0 |
| d. | Skógrækt | 8.231 | 7.057 | 1.174 | 1.020 |
| e. | Matvæli | 7.665 | 6.502 | 1.163 | 1.020 |
| 6. | MR-JÄM, jafnréttismál og LGBTI | 12.246 | 12.017 | 229 | 0 |
| 7. | MR-VÆKST, sjálfbær hagvöxtur | 164.941 | 164.134 | 807 | 0 |
| a. | Atvinnulíf | 37.995 | 37.285 | 710 | 0 |
| | i. Þar af Norræna nýsköpunarmiðstöðin (stofnun) | 62.901 | 63.483 | -582 | 0 |
| b. | Orkumál | 16.062 | 15.762 | 300 | 0 |
| | i. Þar af Norrænar orkurannsóknir (stofnun) | 10.681 | 10.780 | -99 | 0 |
| c. | Byggðamál | 26.323 | 25.830 | 493 | 0 |
| | i. Þar af Nordregio (stofnun) | 10.979 | 10.994 | -15 | 0 |
| 8. | MR-MK, umhverfis- og loftslagsmál | 108.535 | 106.506 | 2.029 | 0 |
| 9. | MR-A, vinnumál | 13.978 | 13.733 | 49 | 0 |
| | i. Þar af NIVA (stofnun) | 3.487 | 3.438 | 49 | 0 |
| 10. | MR-FINANS, efnahags- og fjármál | 1.682 | 1.651 | 31 | 0 |
| 11. | MR-JUST, dómsmál | 1.261 | 1.237 | 24 | 0 |
| 12. | MR-Digital, stafvæðing | 20.396 | 20.015 | 381 | 0 |
| Norræn heildarfjárhagsáætlun | | 1.070.387 | 1.055.400 | 14.987 | 0 |

Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna

Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er aðallega fjármögnuð með beinum framlögum landanna. Grundvallarreglan er sú að framlög landanna samsvari heildarfjárhagsramma að frádregnum launatengdum gjöldum, nettóvaxtatekjum og öðrum tekjum, sbr. töflu hér að neðan. Framlög landanna eru ákveðin samkvæmt skiptireglu sem ræðst af hlutdeild landanna í samanlögðum vergum þjóðartekjum miðað við kostnaðarverð síðustu tveggja ára sem tölur liggja fyrir um á Norðurlöndum (í fjárhagsáætlun ársins 2025 eru það 2021 og 2022).

| TEKJUR þús.DKK (á verðlagi ársins) | 2022 | | 2023 | | 2024 | | 2025 | |
|--|---------------------|------------------|---------------------|------------------|---------------------|------------------|---------------------|------------------|
| | Fjárhags- áætlun | Skipti- regla | Fjárhags- áætlun | Skipti- regla | Fjárhags- áætlun | Skipti- regla | Fjárhags- áætlun | Skipti- regla |
| Launatengd gjöld* | 13.500 | | 14.000 | | 14.000 | | 15.000 | |
| Aðrar tekjur (t.d. vextir) | 0 | | 0 | | 0 | | 0 | |
| Framlög landanna | 973.988 | | 1.023.564 | | 1.041.406 | | 1.055.386 | |
| – Danmörk | 216.540 | 22,2% | 233.373 | 22,8% | 234.183 | 22,5% | 229.921 | 21,8% |
| – Finnland | 164.431 | 16,9% | 177.077 | 17,3% | 175.002 | 16,8% | 161.450 | 15,3% |
| – Ísland | 15.704 | 1,6% | 15.353 | 1,5% | 14.627 | 1,4% | 14.834 | 1,4% |
| – Noregur | 270.096 | 27,7% | 265.103 | 25,9% | 272.196 | 26,1% | 321.049 | 30,4% |
| – Svíþjóð | 307.217 | 31,5% | 332.658 | 32,5% | 345.399 | 33,2% | 328.132 | 31,1% |
| Samtals: | 987.488 | 100% | 1.037.564 | 100% | 1.055.406 | 100% | 1.070.387 | 100% |

* Tekjur af launatengdum gjöldum í fjárhagsáætluninni miðast við síðasta fjárhagsár og eru námundaðar niður að heilu þúsundi.

Greiðslufyrirkomulag vegna háskólamenntunar

Samningurinn um aðgang að æðri menntun kveður á um að greiðslur milli landa skuli gerðar upp í framlögum þeirra til árlegrar fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar. Ákvæðið hefur þannig áhrif á framlög landanna í hinn samnorræna sjóð. Greiðslufyrirkomulagið gildir um Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð en ekki um Álandseyjar, Færeyjar, Grænland og Ísland. Er því tekið tillit til innbyrðis skiptingar greiðslna milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar samkvæmt greiðslufyrirkomulaginu í framlögum landanna til fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar. Árið 2018 var ákveðið að framlengja samninginn enn um sinn.

Í samningnum er kveðið á um að greiða skuli fyrir 75% þess fjölda námsfólks sem hlýtur námsstyrk í búsetulandinu samkvæmt reglum sem þar gilda og er skráð í háskólanám í öðru norrænu landi sem fellur undir 1. gr. samningsins. Nemar í rannsóknanámi og ósérgreindu háskólanámi eru ekki taldir með í útreikningunum.

Árleg greiðsla fyrir hvern nemanda er 36.546 danskra króna árið 2025.

Ráðherranefndinni berast tölfraðilegar upplýsingar frá menntasjóðum landanna sem liggja til grundvallar þegar reiknaður er út sá fjöldi námsfólks sem ætlað er að fari á milli landa og fellur undir greiðslufyrirkomulagið.

Greiðslufyrirkomulag, háskólamenntun (þús.DKK)

| | Fjárhagsáætlun 2022 | Fjárhagsáætlun 2023 | Fjárhagsáætlun 2024 | Fjárhagsáætlun 2025 |
|----------|------------------------|------------------------|------------------------|------------------------|
| Danmörk | -58.429 | -54.355 | -53.924 | -50.295 |
| Finnland | 44.073 | 41.197 | 36.699 | 29.548 |
| Ísland | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Noregur | 43.019 | 37.555 | 36.048 | 39.678 |
| Svíþjóð | -28.663 | -24.397 | -18.823 | -18.932 |
| Samtals: | 0 | 0 | 0 | 0 |

Á eftirfarandi yfirliti má sjá framlag frá löndunum til Norrænu ráðherranefndarinnar í þúsundum eininga gjaldmiðils hvers lands. Framlögin eru með tilliti til greiðsluákvæða.

Fjárhagsáætlun 2025 – Áætluð framlög landanna í þeirra gjaldmiðli

| | | |
|----------|---------|---------|
| Danmörk | 185.452 | þús.DKK |
| Finnland | 26.145 | þús.EUR |
| Ísland | 278.857 | þús.ISK |
| Noregur | 572.739 | þús.NOK |
| Svíþjóð | 485.886 | þús.SEK |

Áætlanir Norrænu ráðherra- nefndarinnar um framtíðarsýn og markmið 2025

Norrænu löndin samþykktu í ágúst 2019 nýja framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Framtíðarsýnin hefur leitt til breyttrar forgangsröðunar og átaksverkefna til að tryggja að allt starf styðji með skýrum hætti stefnumarkandi áherslusviðin þrjú, græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Framtíðarsýn okkar 2030



Allt starf Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að framkvæmd Framtíðarsýnar okkar fyrir 2030 og hinna þriggja stefnumarkandi áherslusviða.

Liður í þessu eru samstarfsáætlanirnar fyrir árin 2025–2030 sem setja einstaka sviðum markmið og undirmarkmið. Samstarfsáætlanirnar leggja línurnar fyrir starfsemi hvers og eins fagsviðs að norrænum málefnum. Starfsáætlanir heyrja svo undir þær og skilgreina nánar aðgerðasvið sem leggja skal áherslu á svo að hvert og eitt fagsvið nái í samstarfi við önnur svið markmiðum sínum og undirmarkmiðum.

Markmiða- og árangursstjórnun Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin beitir nýrri aðferð við markmiða- og árangursstjórnun árin 2025–2030. Breytingarkenning liggur að baki markmiðastjórnuninni sem tekur mið af stöðluðum viðmiðum um árangursmiðaða stjórnun sem hefur verið löguð að starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar. Tilgangurinn er að gera starfið markvissara, auðvelda forgangsroðun og búa þannig um hnútana að unnt sé að mæla árangurinn og áhrifin af fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar með hliðsjón af almennri pólitískri markmiðasetningu.

Markmiðastjórnun vegna fjárhagsáætlunarinnar hefur á liðnum árum verið hluti af áætluninni sjálfri þar sem tekið var mið af árangursmarkmiðum sem voru skilgreind fyrir hvern og einn fjárhagslið. Frá árinu 2025 verða þess í stað settar skýringar í fjárhagsáætlunina um það hvernig einstaka liðir styðja við pólitísku markmiðin í hinum ýmsu samstarfsáætlunum. Upplýsingar um árangurinn verða á hinn bóginn fluttar í ársskýrsluna þar sem fylgt verður eftir og metið hverju starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar hefur skilað í heild sinni.

Almenn pólitísk markmið Norrænu ráðherranefndarinnar er að finna í samstarfsáætlunum fagsviðanna 2025–2030 sem jafnframt eru fyrsta skrefið í markmiða- og árangursstjórnuninni. Markmið og undirmarkmið sviðanna lýsa langtímaáhrifum sem Norræna ráðherranefndin ætlar breytingunum að hafa. Starfsáætlanirnar eru næsta skref en þar er fjallað um aðgerðarsviðin sem sviðin leggja áherslu á til að ná þeim árangri og áhrifum sem stuðla eiga að tilætluðum breytingum.

Samstarfs- og starfsáætlanirnar eru útgangspunkturinn og leiðbeinandi um hvaða tilteknu aðgerðir ber að fjármagna með fjárveitingum sviðanna. Eru það aðgerðir á grunni framlaga af fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar sem öllu ráða um árangurinn af starfsemi í lengd og bráð.

Ákvarðanir um ráðstöfun fjármuna byggjast á aðgerðalýsingum sem mæla fyrir um skipulega samverkun fyrirhugaðrar nýtingar tilfanga í þágu aðgerðanna, verkefna og árangursvæntinga með hliðsjón af markmiðum og undirmarkmiðum samstarfsáætlana.

Skilgreina þarf vísa svo að unnt verði að mæla árangur og skammtímaáhrif aðgerðanna með reglulegu millibili. Væntar samfélagsbreytingar af völdum aðgerðanna verða ekki mældar frá einni aðgerð til annarrar heldur í ályktunum um hvernig þær leiði til breytinganna til langs tíma litið.

Norræna ráðherranefndin reiðir sig þannig alfarið á skýrslugjöf um aðgerðirnar þegar hún fylgist með framvindu og árangri þeirra. Skýrslurnar, sem hafa bæði að geyma eigindlegar og megindlegar upplýsingar, verða kerfisbundið kallaðar inn og eiga að gefa skýra mynd af hve vel gengur að nálgast uppsett markmið.

Meginávinningurinn af starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar verður kynntur í árlegri árangurskýrslu framkvæmdastjórans þar sem farið verður vítt yfir sviðið en þar á að vera unnt að finna hag- og lykiltölur, greiningar og úttektir af árangri og áhrifum sviðanna og þeirra aðgerða sem hafnar eru og lokið er.

Reikna má með aðlögunartíma uns unnt verður að fylgja eftir markmiðum og árangri með nýja kerfinu. Greint verður frá uppfyllingu markmiðanna í fjárhagsáætlunum áráanna 2023 og 2024 í sérstökum skýrslum sem framkvæmdastjórinn tekur saman. Árangurinn af árinu 2023 verur kynntur haustið 2024.

Efnahagslegar framsalsreglur Norrænu ráðherranefndarinnar

Þegar samstarfsráðherrarnir samþykkja fjárhagsáætlunina ber þeim samkvæmt fjárhagsreglunum að veita umboð til ráðstöfunar fjár af hverjum lið.

Fagráðherranefndirnar framselja þær heimildir sínar til viðkomandi embættismannanefnda. Framkvæmdastjórinn er framseljandi að ráðstöfunarrétti ákveðinna fjárhagsliða á sviði ráðherranefndar samstarfsráðherranna eins og áður.

Almennar reglur: Samstarfsráðherrarnir geta í sérstökum tilvikum og innan þeirra eigin ramma fært fé milli fjárhagsliða. Þeim er það einnig heimilt fyrir hönd annarra sviða að tillögu viðkomandi ráðherranefndar. Heimildinni skal beitt í samráði við Norðurlandaráð. Hún hefur stoð í 10. gr. Fjárhagsreglnanna.

Samningur Norrænu ráðherra- nefndarinnar og Norðurlandaráðs um pólítísk forgangsmál og ráðstöfun fjármuna Norrænu ráðherra- nefndarinnar 2025

Í ágúst 2024 fóru fram viðræður við Norðurlandaráð um pólítísk forgangsmál og ráðstöfun fjármuna Norrænu ráðherranefndarinnar 2025. Samkomulag er um eftirfandi samningstexta:

Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð standa saman að framtíðarsýninni um að Norðurlönd skuli vera sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030 og að stefnumótandi áherslusviðunum þremur: grænum, samkeppnishæfum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum.

Á vordögum 2023 fóru af stað viðræður á milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs um forgangsmál í nýjum samstarfsáætlunum Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árin 2025–2030. Þar hefur náðst sátt um markmið og undirmarkmið fyrir umrætt tímabil.

Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2025 og bráðabirgðarammar fyrir árin 2026–2027 eru unnir með hliðsjón af samstarfsáætlunum. Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð eru sammála um meginþætti fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 2025 og bráðabirgðaramma fyrir 2026–2027.

Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð eru þar að auki sammála um að í frekari umræðum um starfsáætlanirnar skuli lögð sérstök áhersla á eftirfarandi aðgerðarsvið á tímabilinu 2025–2027:

- 1. Aðlögunarmál og frjáls för:** Vinna að aðlögunarmálum og frjálsri för á milli landanna er eflid með auknum tilföngum til vinnunnar gegn stjórnsýsluhindrunum og með upplýsingamiðlun og fjölda verkefna sem auðvelda frjálsa för.
- 2. Stuðningur við stofnanir borgarasamfélagsins:** Frá árinu 2025 eykst fjármagnsstuðningur enn með nýjum fjárhagsliðum sem stofnanir, sem hafa það að höfuðstarfi að sinna norrænni samvinnu, geta sótt um fjármagn fyrir þrjú ár í senn. Einnig verður möguleiki á hverju ári að sækja um fjármagn til verkefna tengd norrænum málefnum.
- 3. Börn og ungmenni:** Frá árinu 2025 munu aðgerðir einkum snúa að lýðræðisþátttöku ungmenna og vinnunni gegn vanlíðan og geðsjúkómum.

4. Samstarfið í mennta- og menningarmálum: Norrænt mennta- og menningarsamstarf er eflt með áherslu á þróun lýðræðislegs norræns samstarfs.

5. Aukinn viðnámsþróttur í norrænu löndunum: Aukið þverfaglegt samstarf um samfélagsöryggi, þ.m.t. almannavarnir og viðnámsþrótt.

Norræna ráðherranefndin skuldbindur sig til að fylgja vinnunni eftir og gefa Norðurlandaráði reglulegar skýrslur um þróun átaksverkefna. Í tengslum við þetta mun Norræna ráðherranefndin leggja sérstaka áherslu á að tryggja skýrt og gagnsætt upplýsingastarf.

Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð viðurkenna að til er fjöldi stofnana innan borgarasamfélagsins sem hafa norrænan fókus, þar á meðal Norrænu félögin sem gegna mikilvægu hlutverki í hinu fjölþjóðlega norræna samstarfi. Nýtt fjármögnunarform Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir stofnanir borgarasamfélagsins merkir að frá árinu 2025 verður umsóknum háttað á annan hátt en fyrri ár.

Norræna ráðherranefndin flýttir ferlinu fyrir nýja fjárhagsliðinn þannig að stofnanir sem sækja um munu fá skilaboð um mögulegan stuðning eins fljótt og unnt er. Einnig mun fjárhagsliðurinn um rekstraraðstoð eftir fyrsta umsóknarferlið haustið 2024 verða endurskoðaður. Niðurstöðurnar verða kynntar MR-SAM og Norðurlandaráði með það fyrir augum að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi samtal um málaflokkinn.

Norðurlandaráð telur að Norrænu félögin og starfsemi þeirra skipti miklu máli og sé mikilvægur hluti norræns samstarfs og að tryggja þurfi þeim stuðning til grunnstarfsemi og viðeigandi verkefnastyrki til framtíðar.

Norðurlandaráð hefur í mörg ár beðið norrænu ríkisstjórnirnar um að koma á Norrænni ráðherranefnd um samgöngumál. Norðurlandaráð bendir á að stofnun Norrænnar ráðherranefndar um samgöngumál hafi aldrei verið mikilvægari en nú.

Samtali Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs um aukið norrænt samstarf á sviði samgöngumála mun haldið áfram á grundvelli þeirrar greiningar sem kynnt var á vordögum 2024.

Norðurlandaráð mun reglulega fá upplýsingar um hvernig ríkisstjórnir Norðurlanda vinna að því að styrkja samstarf sitt í samgöngumálum.

Að lokum er komist að samkomulagi um að núverandi og verðandi formennskulönd í Norrænu ráðherranefndinni haldi fundi með núverandi og næsta formennskulandi í Norðurlandaráði í lok árs 2024 til að upplýsa um yfirstandandi verkefni og ræða samstarfið á komandi ári.

Yfirlit yfir liði fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar

| Verðlag 2025 (þús.DKK) | | Fjárhags- áætlun 2025 | Fjárhags- áætlun 2024 |
|---|---|--------------------------|--------------------------|
| MR-SAM, samstarfsráðherrarnir | | | |
| <i>Fjárhagsliður Áætlun og verkefni</i> | | 168.826 | 171.859 |
| 1-1070 | Styrkir vegna Framtíðarsýnar 2030 | 3.057 | 0 |
| 1-1071 | Þverlæg áherslumál sviðanna | 15.286 | 0 |
| 1-1013 | Hagtölur | 5.095 | 4.148 |
| 1-8412 | Til ráðstöfunar MR-SAM | 2.713 | 21.851 |
| 1-4181 | Norrænt samstarf um aðlögun flóttafólks og innflytjenda | 7.133 | 0 |
| 1-8421 | Samskipta- og kynningarstarf | 15.286 | 0 |
| 1-2210 | Verðlaun Norðurlandaráðs | 5.814 | 0 |
| 1-0430 | Samþætting og stjórnsýsluhindranir | 20.381 | 0 |
| 1-4115 | Nordjobb | 5.095 | 0 |
| 1-1050 | Norræn starfsmannaskipti (NORUT) | 2.250 | 2.208 |
| 1-0431 | Styrkjakerfi almennasamtaka á Norðurlöndum | 24.457 | 0 |
| 1-2212 | Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK) | 13.248 | 10.335 |
| 1-0825 | Grannsvæðasamstarf Norðurlanda | 38.783 | 0 |
| 1-0851 | Styrkur til samstarfs norrænna sendiskrifstofa | 10.228 | 8.037 |
| 1-0460 | Sjálfbær þróun (áður Sjálfbær Norðurlönd) | 0 | 6.741 |
| 1-1060 | Sjóður til að efla Græn Norðurlönd | 0 | 19.288 |
| 1-1061 | Sjóður til að efla Samkeppnishæf Norðurlönd | 0 | 12.963 |
| 1-1062 | Sjóður til að efla Félagslega sjálfbær Norðurlönd | 0 | 9.229 |
| 1-8411 | Pólítísk verkefni | 0 | 8.296 |
| 1-1012 | Norðurlönd í fókus | 0 | 5.556 |
| 1-8420 | Kynning og mörkun stöðu | 0 | 6.481 |
| 1-1036 | Stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum | 0 | 6.486 |
| 1-1030 | Info Norden | 0 | 7.688 |
| 1-0410 | Samband Norrænu félaganna | 0 | 4.494 |
| 1-0820 | Grannsvæðasamstarf Norðurlanda | 0 | 22.503 |
| 1-0870 | Samstarfsáætlun um málefni norðurslóða | 0 | 10.370 |
| 1-0990 | Samstarf við grannsvæði Norðurlanda í vestri | 0 | 5.185 |

| Verðlag 2025 (þús.DKK) | | Fjárhags- áætlun 2025 | Fjárhags- áætlun 2024 |
|--------------------------------------|---|----------------------------------|----------------------------------|
| MR-SAM, samstarfsráðherrarnir | | | |
| <i>Fjárhagsliður Skrifstofuhald</i> | | 120.825 | 113.993 |
| 1-0180 | Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS) | 96.774 | 90.563 |
| 1-0184 | Fjárfestingar í UT á skrifstofu ráðherranefndarinnar | 2.038 | 2.074 |
| 1-1014 | Túlkun og þýðingar | 3.872 | 0 |
| 1-0425 | Framlag til Grænlands | 917 | 807 |
| 1-0435 | Varasjóður framkvæmdastjóra | 470 | 461 |
| 1-0860 | Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Eistlandi | 5.788 | 0 |
| 1-0861 | Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Lettlandi | 5.585 | 0 |
| 1-0862 | Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Litáen | 5.381 | 0 |
| 1-1011 | Samskiptastarf (áður upplýsingastarf) | 0 | 3.630 |
| 1-0810 | Skrifstofur Norrænu ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi, Litáen og Norðvestur-Rússlandi | 0 | 16.458 |

| Verðlag 2025 (þús.DKK) | | Fjárhags- áætlun 2025 | Fjárhags- áætlun 2024 |
|---|--|----------------------------------|----------------------------------|
| MR-U, menntamál og rannsóknir | | 201.364 | 200.388 |
| <i>Fjárhagsliður Verkefni og áætlanir</i> | | 101.538 | 98.911 |
| 2-2505 | MR-U, ráðstöfunarfé menntamál og rannsóknir | 204 | 207 |
| 2-2506 | Stefnumarkandi norrænt samstarf um menntamál | 3.303 | 2.904 |
| 2-2544 | Norrænt tungumálasamstarf | 5.299 | 3.733 |
| 2-3128 | Stefnumörkun um símenntun | 7.643 | 0 |
| 2-2513 | Nordplus | 83.563 | 84.866 |
| 2-3186 | Norrænt-samískt rannsóknasamstarf | 1.526 | 0 |
| 2-3127 | Stefnumörkun um nám fullorðinna | 0 | 5.704 |
| 2-3185 | Norræna Samastofnunin (NSI) | 0 | 1.497 |
| <i>Stofnanir</i> | | 99.826 | 101.477 |
| 2-3100 | Norræna rannsóknaráðið (NordForsk) | 99.826 | 101.477 |

| Verðlag 2025 (þús.DKK) | | Fjárhags- áætlun 2025 | Fjárhags- áætlun 2024 |
|--|--|--------------------------|--------------------------|
| MR-S, félags- og heilbrigðismál | | 42.582 | 42.157 |
| <i>Fjárhagsliður Verkefnafé</i> | | 24.067 | 23.617 |
| 3-4310 | Verkefnafé – Félags- og heilbrigðismál | 4.417 | 4.334 |
| 3-4311 | Norrænt samstarf í heilbrigðismálum | 3.513 | 3.447 |
| 3-4312 | Norrænt samstarf í félagsmálum | 3.529 | 3.463 |
| 3-4320 | Norrænt samstarfsráð um málefni fólks með fötlun | 1.294 | 1.270 |
| 3-4340 | Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur (Nomesko) og Norræna hagsýslunefndin (Nososko) | 0 | 2.225 |
| 3-4341 | Hagskýrslur um lyfja- og félagsmál | 2.267 | 0 |
| 3-4382 | Norrænt samstarf um efni til tannlækninga | 9.047 | 8.878 |
| <i>Stofnanir</i> | | 18.515 | 18.540 |
| 3-4380 | Norræna velferðarmiðstöðin | 18.515 | 18.540 |

| Verðlag 2025 (þús.DKK) | | Fjárhags- áætlun 2025 | Fjárhags- áætlun 2024 |
|---|--|--------------------------|--------------------------|
| MR-Kultur, menningarmál | | 161.124 | 155.590 |
| <i>Fjárhagsliður Almenn framlög til menningarmála</i> | | 42.044 | 44.850 |
| 4-2203 | Ráðstöfunarfé, menningarmál | 264 | 259 |
| 4-2205 | Norræni menningarsjóðurinn | 37.189 | 34.993 |
| 4-2206 | Verðlaun Norðurlandaráðs | 0 | 3.791 |
| 4-2208 | Stefnumarkandi aðgerðir | 4.591 | 5.807 |
| <i>Kvikmyndir og fjölmiðlar</i> | | 33.718 | 33.087 |
| 4-2222 | Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn | 30.534 | 29.963 |
| 4-2228 | Norræna gagnamiðstöðin um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM) | 3.184 | 3.124 |
| <i>Styrkjaáætlanir</i> | | 33.638 | 31.509 |
| 4-2251 | Menningar- og listaáætlunin | 17.385 | 17.560 |
| 4-2253 | Norrænir þýðingarstyrkir | 3.529 | 3.463 |
| 4-2254 | Norræn-baltnesk ferðastyrkjaáætlun á menningarsviði | 10.686 | 10.486 |
| 4-2211 | Volt, menningar- og tungumálaverkefni fyrir börn og ungmenni | 2.038 | 0 |
| <i>Menningarstofnanir</i> | | 46.940 | 42.449 |
| 4-2270 | Norræna húsið í Reykjavík | 11.541 | 10.030 |
| 4-2272 | Norðurlandahúsið í Færeyjum | 14.964 | 12.699 |
| 4-2274 | Norræna stofnunin á Álandseyjum | 3.146 | 3.037 |
| 4-2277 | Norræna stofnunin á Grænlandi | 6.557 | 6.315 |
| 4-2548 | Norræna menningargáttin | 10.732 | 10.368 |
| <i>Önnur framlög til menningarmála</i> | | 4.784 | 3.695 |
| 4-2232 | Önnur menningarstarfsemi | 1.019 | 0 |
| 4-2234 | Menningarsamstarf Sama | 3.765 | 3.695 |

| Verðlag 2025 (þús.DKK) | | Fjárhags- áætlun 2025 | Fjárhags- áætlun 2024 |
|---|--|--------------------------|--------------------------|
| MR-FJLS, fiskveiðar og lagareldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt | | 52.627 | 52.120 |
| <i>Fjárhagsliður</i> | | 2.324 | 5.842 |
| 5-6420 | Ráðstöfunarfé EK-FJLS (framkvæmdanefnd) | 2.324 | 5.842 |
| <i>Fiskveiðar</i> | | 8.077 | 6.906 |
| 5-6610 | Verkefnafé – Fiskveiðar | 8.077 | 6.906 |
| <i>Landbúnaður</i> | | 26.330 | 25.813 |
| 5-6510 | Verkefnafé – Landbúnaður | 937 | 418 |
| 5-6520 | Norræna nefndin um landbúnaðarrannsóknir (NKJ) | 1.615 | 1.585 |
| 5-6585 | Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen) | 23.778 | 23.810 |
| <i>Skógrækt</i> | | 8.231 | 7.057 |
| 5-6310 | Verkefnafé – Skógrækt | 1.384 | 338 |
| 5-6581 | Norrænar skógræktarrannsóknir (SNS) | 6.847 | 6.719 |
| <i>Matvæli</i> | | 7.665 | 6.502 |
| 5-6810 | Verkefnafé – Matvæli | 7.665 | 6.502 |
| Verðlag 2025 (þús.DKK) | | Fjárhags- áætlun 2025 | Fjárhags- áætlun 2024 |
| MR-JÄM, jafnrétti og LGBTI | | 12.246 | 12.017 |
| <i>Fjárhagsliður Verkefnafé</i> | | 12.246 | 12.017 |
| 6-4410 | Stefnumarkandi verkefni, jafnréttismál | 3.970 | 3.896 |
| 6-4411 | Stefnumarkandi verkefni LGBTI | 785 | 770 |
| 6-4420 | Norrænn LGBTI- og jafnréttissjóður | 4.248 | 4.369 |
| 6-4480 | Norræna upplýsingaveitan um kynjafræði (NIKK) | 3.243 | 2.982 |

| Verðlag 2025 (þús.DKK) | | Fjárhags- áætlun 2025 | Fjárhags- áætlun 2024 |
|--|--|--------------------------|--------------------------|
| MR-VÆKST, sjálfbær hagvöxtur | | 164.941 | 164.134 |
| <i>Fjárhagsliður Atvinnulíf</i> | | 37.995 | 37.285 |
| 7-5140 | Verkefnafé – Atvinnulíf | 25.468 | 24.992 |
| 7-5280 | Nopef TF | 12.527 | 12.293 |
| <i>Stofnanir - Atvinnulíf</i> | | 62.901 | 63.483 |
| 7-5180 | Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NI) | 62.901 | 63.483 |
| <i>Orkumál</i> | | 16.062 | 15.762 |
| 7-5141 | Verkefnafé – Orkumál | 16.062 | 15.762 |
| <i>Stofnanir – Orkumál</i> | | 10.681 | 10.780 |
| 7-3220 | Norrænar orkurannsóknir (NEF) | 10.681 | 10.780 |
| <i>Byggðamál</i> | | 26.323 | 25.830 |
| 7-5143 | Innleiðing samstarfsáætlunar | 9.561 | 10.809 |
| 7-5160 | Samstarf á landamærasvæðum | 8.852 | 7.259 |
| 7-5151 | Norræna Atlantssamstarfið (NORA) | 7.910 | 7.762 |
| <i>Stofnanir – Byggðamál</i> | | 10.979 | 10.994 |
| 7-6180 | Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum (Nordregio) | 10.979 | 10.994 |
| Verðlag 2025 (þús.DKK) | | Fjárhags- áætlun 2025 | Fjárhags- áætlun 2024 |
| MR-MK, umhverfis- og loftslagsmál | | 108.535 | 106.506 |
| <i>Fjárhagsliður</i> | | 108.535 | 106.506 |
| 8-3310 | Verkefnafé - Umhverfis- og loftslagsmál | 97.757 | 62.507 |
| 8-6720 | SVANURINN – Norræna umhverfismerkið | 5.683 | 4.746 |
| 8-3320 | Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) | 5.095 | 5.185 |
| 8-3311 | Vinnuhópar á umhverfissviði | 0 | 33.184 |
| 8-3312 | Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs | 0 | 884 |

| Verðlag 2025 (þús.DKK) | | Fjárhags- áætlun 2025 | Fjárhags- áætlun 2024 |
|---------------------------------|--|--------------------------|--------------------------|
| MR-A, vinnumál | | 13.978 | 13.733 |
| <i>Fjárhagsliður Verkefnafé</i> | | 10.491 | 10.295 |
| 9-4110 | Stefnumarkandi átaksverkefni, vinnumál | 2.313 | 1.431 |
| 9-4111 | Verkefnafé nefnda um vinnumál | 6.185 | 4.044 |
| 9-4120 | Nordjobb | 0 | 3.264 |
| 9-4130 | Samskiptastarf, vinnumál | 1.993 | 1.556 |
| <i>Stofnanir</i> | | 3.487 | 3.438 |
| 9-4180 | Norræn stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA) | 3.487 | 3.438 |
| Verðlag 2025 (þús.DKK) | | Fjárhags- áætlun 2025 | Fjárhags- áætlun 2024 |
| MR-Finans | | 1.682 | 1.651 |
| <i>Fjárhagsliður</i> | | | |
| 10-5210 | Verkefnafé - Efnahags- og fjármál | 1.682 | 1.651 |
| Verðlag 2025 (þús.DKK) | | Fjárhags- áætlun 2025 | Fjárhags- áætlun 2024 |
| MR-Justits | | 1.261 | 1.237 |
| <i>Fjárhagsliður</i> | | | |
| 11-7110 | Verkefnafé - Dómsmál | 1.261 | 1.237 |
| Verðlag 2025 (þús.DKK) | | Fjárhags- áætlun 2025 | Fjárhags- áætlun 2024 |
| MR-Digital | | 20.396 | 20.015 |
| <i>Fjárhagsliður</i> | | | |
| 15-8530 | MR-Digital | 20.396 | 20.015 |

Fylgiskjal

Fylgiskjal 1: Fjárveitingar til norrænna stofnana í þeirra gjaldmiðli

| FJÁRVEITINGAR TIL NORRÆNNA STOFNANA | | 2025 | 2024 | |
|-------------------------------------|--|-------------|-------------|-----|
| MR-U | | | | |
| 2-3100 | Norræna rannsóknaráðið (NordForsk) | 155.185.000 | 151.458.000 | NOK |
| MR-S | | | | |
| 3-4380 | Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) | 28.344.000 | 28.091.000 | SEK |
| MR-K | | | | |
| 4-2270 | Norræna húsið í Reykjavík (NOREY) | 212.579.000 | 200.601.000 | ISK |
| 4-2272 | Norðurlandahúsið í Færeyjum (NLH) | 14.964.000 | 12.699.000 | DKK |
| 4-2274 | Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÁ) | 421.800 | 407.600 | EUR |
| 4-2277 | Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA) | 6.557.000 | 6.315.000 | DKK |
| 4-2548 | Norræna menningargáttin (NKK) | 1.438.900 | 1.391.700 | EUR |
| MR-FJLS | | | | |
| 5-6585 | Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen) | 36.401.000 | 36.076.000 | SEK |
| MR-VÆKST | | | | |
| 7-5180 | Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NI) | 97.783.000 | 94.751.000 | NOK |
| 7-3220 | Norrænar orkurannsóknir (NEF) | 16.605.000 | 16.089.000 | NOK |
| 7-6180 | Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum (Nordregio) | 16.808.000 | 16.657.000 | SEK |
| MR-A | | | | |
| 9-4180 | Stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA) | 467.500 | 461.000 | EUR |

Fylgiskjal 2: Umreiknað m.t.t. verðlags- og gengisbreytinga 2025

Gengi:

| | |
|---------|-----------|
| 100 EUR | 745,9 DKK |
| 100 ISK | 5,4 DKK |
| 100 NOK | 64,3 DKK |
| 100 SEK | 65,3 DKK |

Eftirfarandi stuðull er notaður til að umreikna framlög stofnananna 2025:

| | |
|---------|-------|
| Danmark | 1,8 % |
| Finland | 1,4 % |
| Island | 3,9 % |
| Norge | 3,2 % |
| Sverige | 0,9 % |

Reikningsstuðull vegna verkefna er 1,9% árið 2025.

Um ritið

Fjárhagsáætlun 2025 – Samantekt

PolitikNord 2025:712

ISBN 978-92-893-8203-8 (PDF)

ISBN 978-92-893-8204-5 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politiknord2025-712>

© Norræna ráðherranefndin 2025

Útgefið: Febrúar 2025

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi eflid í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

pub@norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur